

AUGLÝSING

um hættumat fyrir Súðavík.

Samkvæmt 2. og 4. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997, með síðari breytingum, hefur ráðherra þann 30. ágúst 2005 staðfest tillögur hættumatsnefndar Súðavíkurbreytingu að hættumati vegna ofanflóða fyrir Súðavík.

Hættumatið hefur verið auglýst og kynnt í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 49/1997, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.

Hættumatið öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 30. ágúst 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um hættumat fyrir Þingeyri við Dýrafjörð.

Samkvæmt 2. og 4. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 49/1997, með síðari breytingum, hefur ráðherra þann 30. ágúst 2005 staðfest tillögur hættumatsnefndar Ísafjarðarbæjar að hættumati vegna ofanflóða fyrir Þingeyri við Dýrafjörð.

Hættumatið hefur verið auglýst og kynnt í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 49/1997, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.

Hættumatið öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 30. ágúst 2005.

Sigríður Anna Þórðardóttir.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um gildistöku ákvörðunar Flugmálastjórnar Íslands nr. 5/2005.

Flugmálastjórn Íslands hefur ákveðið að þann 1. janúar 2006 skulu taka gildi reglur Evrópuflugstöfnunar um öryggi flugleiðsögu (European Organisation for the Safety of Air Navigation (EUROCONTROL), ESARR 3. útg. 1.0) sem gefnar voru út þann 17. júlí 2000, um öryggisstjórnunarkerfi flugleiðsöguþjónustu (Use of Safety Management Systems by ATM Service Providers), sbr. ákvörðun nr. 5/2005.

Ákvörðun þessi er birt í heild sinni í flugmálahandbók Flugmálastjórnar Íslands, 3. deild (Ákvarðanir Flugmálastjórnar Íslands).

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 1. september 2005.

Porgeir Pálsson flugmálastjóri.

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu um tímabundna takmörkun á innflutningi á tilteknu fersku og frosnu grænmeti sem er upprunnið í Thailandi, nr. 779/2005.

1. gr.

Í stað tollnúmerisins 1212.9009 í 1. mgr. 3. gr. auglýsingarinnar komi númerið 1212.9900.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í 28. og 29. gr., sbr. 10. gr. laga um matvæli, nr. 93/1995, sbr. og lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.

Auglýsingin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 31. ágúst 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag virkjunar í Fjarðará, Seyðisfirði.

Á fundi bæjarstjórnar Seyðisfjarðar sem haldinn var þann 4. júlí 2005, var samþykkt deiliskipulag virkjunar í Fjarðará, Seyðisfirði.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að byggðar verði tvær sjálfstæðar raforkuvirkjanir, Gúlsvirkjun, 2,5 MW og Bjólfsvirkjun, 4,9 MW, til viðbótar þeirri sem fyrir er og var byggð 1913. Stærstu lónin verða Heiðarvatn sem stækkar úr um 0,66 km² í um 1,76 km² og Þverárlón sem verður um 0,33 km².

Deiliskipulagið var auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Seyðisfirði, 30. ágúst 2005.

Sigurður Jónsson byggingarfulltrúi.